



**Samningur um fyrirgreiðslu Lánasjóðs sveitarfélaga  
til aðalmiðlara skuldabréfa Lánasjóðsins**

# Samningur

## um fyrirgreiðslu Lánasjóðs sveitarfélaga til aðalmiðlara skuldabréfa lánasjóðsins

Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 580407-1100, hér eftir nefndur Lánasjóðurinn, og xxxxx, kt. xxxxxx-xxxx, hér eftir aðalmiðlari, gera með sér samning um viðskiptavakt á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. (hér eftir nefnt „kauphöllin“) með tiltekin skuldabréf lánasjóðsins, hér eftir nefndur aðalmiðlarasamningurinn.

Með vísan til 8. gr. aðalmiðlarasamningsins gera aðilar hans hér með sér þennan viðaukasamning um fyrirgreiðslu lánasjóðsins til aðalmiðlara skuldabréfa lánasjóðsins, hér eftir nefndur viðauki.

1. gr.

### Fyrirgreiðsla

Samkvæmt 8. gr. aðalmiðlarasamningsins á aðalmiðlari kost á að fá tímabundið lánuð skuldabréf hjá lánasjóðnum í flokkum LSS 39 0303, LSS150434 og LSS151155 (hér eftir nefnd lánsbréf) gegn því að setja reiðufé eða tryggingarbréf að veði. Aðalmiðlari á kost á að fá lánsbréf að fjárhæð allt að kr. 200.000.000 að nafnverði í LSS151155 og LSS 39 0303 og kr. 300.000.000 að nafnverði í LSS150434.

Aðalmiðlarar hafa einir aðgang að fyrirgreiðslu þessari, eins og fram kemur í 8. gr. aðalmiðlarasamningsins.

2. gr.

### Lánstími

Lánstími skal að hámarki vera 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags fjórum vikum síðar. Beri uppgjörsdag upp á frídag skal uppgjör færst til síðasta viðskiptadags þar á undan í viðskiptakerfi á Íslandi.

3. gr.

### Tryggingar

Aðalmiðlarar geta lagt fram tryggingarbréf sem tryggingu fyrir lánsbréfunum.

### Tryggingarbréf

Leyfileg tryggingarbréf eru allir markflokkar sem viðskiptavakt er á fyrir Seðlabanka Íslands. Tryggingarbréf skulu vera eign aðalmiðlara og án veðbanda við afhendingu. Lánasjóðurinn hefur veð í bréfunum á samningstímanum.

### Reiðufé

Heimilt er að leggja fram reiðufé sem tryggingu. Ávöxtun veðsetts reiðufjár skal vera REIBID vextir að frádregnu 0,5% álagi.

#### 4. gr.

### Upphaf viðskipta

Aðalmiðlari getur óskað eftir að fá lánuð verðbréf hjá lánasjóðnum þar til 20 mínútum eftir lokun kauphallarinnar alla viðskiptadaga (eigi síðar en kl. 15:50). Lánsbeiðni þarf að senda í tölvupósti til lánasjóðsins á tilsettum tíma.

Berist jákvætt svar frá lánasjóðnum skal aðalmiðlari leggja fram veð eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun kauphallarinnar (eigi síðar en kl. 16:05).

Ef trygging er ekki lögð fram á tilsettum tíma áskilur Lánasjóðurinn sér að falla frá láninu.

Lánsjóðurinn skal afhenda lánsbréfin í síðasta lagi 50 mínútum eftir lokun kauphallarinnar daginn sem lánsamningur er gerður, að því tilskyldu að veð hafi sannarlega verið lagt fram.

### Framkvæmd viðskipta

#### Tryggingabréf

Ef aðalmiðlari leggur fram tryggingarbréf skal hann leggja þau inn á reikning lánasjóðsins hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð eða annarri verðbréfamiðstöð sem Lánasjóðurinn tilgreinir. Lánsjóðurinn afhendir að því búnu lánsbréfin með því að afhenda þau á hlutlaust verðbréfasvæði sem Lánasjóðurinn tilgreinir.

#### Reiðufé

Ef aðalmiðlari leggur fram veð í formi reiðufjár skal hann leggja það inná reikning lánasjóðsins sem tilgreindur er í verðbréfalánasamning. Lánsjóðurinn afhendir að því búnu lánsbréfin með því að afhenda þau á hlutlaust verðbréfasvæði sem Lánasjóðurinn tilgreinir.

#### 5. gr.

### Samningur

Lánsjóðurinn og aðalmiðlari skulu gera með sér viðskiptasamning hverju sinni þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Fjöldi verðbréfa sem samningur nær yfir
- Uppgjörsdagur
- Markaðsverð og lokaverð
- Fjárhæð reiðufjár sem lagt er fram til tryggingar láninu
- Reikningsnúmer lánasjóðsins og aðalmiðlara.

Aðalmiðlari skal afhenda lánasjóðnum undirritaðan lánsamning í síðasta lagi kl. 12 á hádegis næsta viðskiptadag í kauphöllinni.

Lokaverð er markaðsverð bréfa að frádregnum hundruðshluta sem ræðst af meðallíftíma bréfanna, sbr. töflu hér að neðan. Eingöngu er um að ræða frádrag á tryggingarbréfum en ekki lánsbréfum.

Frádrag	Meðallíftími
5%	Styttri en 1 ár
10%	Lengri en 1 ár

Markaðsverð miðast við seinustu gildu tilboð í kauphöllinni ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum. Markaðsverðið miðast við hagstæðasta kauptilboð fyrir tryggingarbréf en hagstæðasta sölutilboð fyrir lánsbréf.

Ef markaðsvirði tryggingarbréfa lækkar á samningstímabilinu umfram skilgreint frádrag er lánasjóðnum heimilt að krefjast aukinnar tryggingar sem nemur verðlækkun tryggingabréfanna.

6. gr.

#### **Uppgjör**

Á uppgjörstími samnings skal aðalmiðlari skila lánsbréfunum á reikning lánasjóðsins hjá viðeigandi verðbréfamistöð eigi síðar en 20 mínútum eftir lokun Kauphallarinnar.

Þegar aðalmiðlari hefur skilað lánsbréfunum skilar Lánasjóðurinn hinu veðsetta til aðalmiðlara, eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun kauphallarinnar. Tryggingarbréfum er skilað út á hlutlaust verðbréfasvæði en reiðufé skal skilað inná reikning aðalmiðlara, ásamt áföllnum vöxtum, sem tilgreindur er í viðskiptasamningi aðila.

7. gr.

#### **Vanefndir**

Afhendi aðilar ekki lánsbréfin eða eftir atvikum veðsett reiðufé á uppgjörstími skv. lánsamningi skal viðkomandi aðili greiða dráttarvexti eins og þeir eru skráðir hjá Seðlabanka Íslands síðasta viðskiptadag fyrir viðskiptin. Dráttarvextir reiknast af upphafsverði lánsbréfanna eða höfuðstól reiðufjárveðs, frá afhendingardegi skv. lánsamningi og þar til lánsbréfum eða eftir atvikum hinu veðsetta reiðufé hefur verið skilað.

Telji aðalmiðlari sýnt að Lánasjóðurinn muni ekki geta skilað veðtryggingu gegn skilum á lánsbréfum, varanlega eða tímabundið, skal aðalmiðlara heimilt að halda lánsbréfum eftir meðan slíkt ástand varir.

Líði þrír viðskiptadagar frá því lánsamningurinn rann út án þess að lánsbréfunum eða eftir atvikum hinu veðsetta sé skilað, hefur sá aðili sem ekki hefur vanefnt afhendingu,

heimild til að selja þau bréf sem hann hefur í vörslum sínum og verja andvirði þeirra, eða eftir atvikum veðsettu reiðufé, til að kaupa sambærileg skuldabréf í stað þeirra sem ekki eru afhent á uppgjörstími. Þeim aðila sem ekki er í vanskilum er einnig heimilt að innheimta kostnað og bætur fyrir þann skaða sem hlýst af vanefndum gagnaðila. Ef andvirði hins veðsetta eða eftir atvikum lánsbréfa er umfram kostnað við endurkaup skv. framangreindu rennur mismunurinn til þess sem vanefnt hefur lánsamninginn.

Brjótí aðalmiðlari gegn ákvæðum viðauka þessa getur Láнасjóðurinn jafnframt án fyrirvara útilokað aðalmiðlara frá frekari viðskiptum.

#### 8. gr.

##### **Þóknun og annar kostnaður**

Falli kostnaður á láнасjóðinn vegna vörslu hins veðsetta á samningstímanum, t.d. skráningar-, vörslu- eða færslugjöld, er Láнасjóðnum heimilt að innheimta hann hjá aðalmiðlara.

#### 9. gr.

##### **Greiðslur af tryggingabréfum**

Ef greiðslur í formi arðs, vaxta eða afborgana eru inntar af hendi vegna lánsbréfa í vörslu aðalmiðlara ber aðalmiðlara að greiða láнасjóðnum umræddar greiðslur sem og aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á aðalmiðlari kost á að fá afhentar til baka hluta veða sem svarar til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar.

Láнасjóðnum er heimilt að krefjast dráttarvaxta ef greiðslur skv. ofangreindu eru ekki inntar af hendi á gjalddaga. Jafnframt er sjóðnum heimilt að krefjast aukinna trygginga ef greiðslur eru ekki inntar af hendi innan þriggja daga frá gjalddaga.

Heimilt er að setja bréf til tryggingar sem greiddar eru afborganir eða vextir af á samningstíma ef ekki er um lokagjalddaga bréfs að ræða. Ef greitt er af bréfinu meðan það er í vörslu láнасjóðsins á aðalmiðlari rétt á að fá greiðsluna. Láнасjóðnum er þó heimilt að krefjast aukinnar tryggingar, sem samsvarar greiðslunni af tryggingarbréfinu, áður en greiðslan er afhent.

Ef greitt er af lánsbréfi í vörslu aðalmiðlara ber honum að greiða láнасjóðnum vexti, afborganir, verðbætur og aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á aðalmiðlari kost á að fá til baka hluta tryggingarbréfa sem svarar til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar. Láнасjóðurinn hefur heimild til að krefjast dráttarvaxta ef greiðsla er ekki innt af hendi á gjalddaga. Jafnframt hefur Láнасjóðurinn heimild til að halda eftir og selja tryggingarbréf, fyrir andvirði greiðslunnar auk kostnaðar, ef liðnir eru þrjú dagar frá gjalddaga og aðalmiðlari hefur ekki enn staðið í skilum.

#### 10. gr.

##### **Gildistími**

Viðauki þessi tekur gildi 1. apríl 2024 og gildir til 31. mars 2025, líkt og meðfylgjandi aðalmiðlarasamningur milli aðila í tengslum við útgáfu skuldabréfa lánasjóðs sveitarfélaga og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Hafi aðalmiðlarasamningi milli aðila verið sagt upp eða honum rift fyrir einhverjar sakir, skal þessi samningur jafnframt úr gildi fallinn. Skal þá hvor aðili skila hinum öllum lánum og tryggingum samkvæmt þessum samningi ásamt áföllnum vöxtum og/eða kostnaði.“

Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við fyrirgreiðslu á bréfum lánasjóðsins.

Reykjavík, 22. mars 2024

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

F.h. xxxxx

---

---